



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Reynisholt

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra	3
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	4
3.	Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	7
4.	Starfspróunarsamtöl.....	11
5.	Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans	11
6.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	11
7.	Foreldrasamstarf	12
8.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	12
9.	Fylgiskjöl:	13
9.1	Innra mat Bjartalundar 2025-2026	13
9.2	Umbótaáætlun Bjartalundar 2026-2027	13
9.3	Innra mat Geislalundar 2025-2026	15
9.4	Umbótaáætlun Geislalundar 2025-2026	15
9.5	Innra mat Sunnulundar 2025-2026.....	17
9.6	Umbótaáætlun Sunnulundur 2026-2027	17
9.7	Innra mat Stjörnulundur 2026-2027	18
9.8	Umbótaáætlun Stjörnulundur 2026-2027	20
9.9	Umsögn foreldraráðs.....	21





1. Greinargerð leikskólastjóra

Árið hefur gengið vel. Við héldum veglega veislu 27. nóvember þegar leikskólinn átti 20 ára afmæli. Gaman var að taka á móti gestum segja þeim sögu skólans og sýna þeim það góða starf sem fram hefur farið í skólanum öll þessi ár. Börnin útbjuggu einnig sína eigin öskudagsbúninga og tóku þátt í barnamenningarhátíð Reykjavíkur og sungu í Hörpu.



Ákveðið var að setja 4 þætti í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2025-2026. Einn þeirra þátta var *Valdefling barnanna* með því að fá rödd barnanna betur inn í starfið og til að meta starfið. Gekk sá þáttur nokkuð vel, börnin voru spurð álits tengt viðburðum skólans og hvernig gera megi betur í starfinu. Dæmi um þetta var þegar börnin í leikskólanum voru beðin um hugmyndir hvernig við gætum haldið upp á afmæli leikskólans og þau komu með margar hugmyndir sem urðu að veruleika.

Aðrir umbótaþættir voru *fræðsla til foreldra* tengt farsældarlögunum og þeirri stoðþjónustu sem þeim stendur til boða. Þetta var gert með kynningu á foreldrafundi. Stefndum við að því að efla hæfni starfsfólks til að fylgjast með *leik barna* ýta undir tækifæri sem þar birtast. Þó að ákveðin vakning hafi verið í leikskólanum á mikilvægi leiksins þá hefur vinnan tengd þessum þætti ekki verið markviss. Endurskoða átti *læsisáætlun* leikskólans en verður farið í þá vinnu á næsta skólaári.

Áherslur okkar í leikskólastarfinu eru Lífsleikni, læsi og umhverfismennt og höfum við náð að sinna þeim áherslum ágætlega þannig að starfsfólkið þekkir þær vel og er að innleiða það í starfið á hverjum degi. Við höfum verið dugleg að sinna gróðursetningu og ræktun í starfinu á vor og sumar mánuðum. Allt þetta tengist áhuga starfsfólks á umhverfismennt og hvernig við höfum verið að tengja starfið með börnunum við þá áherslu.

Áhugi var hjá starfsfólki að taka þátt í þróunarverkefni á skólaárinu en ekki tókst að finna hentugan vettvang til þess. Starfsmenn leikskólans hafa því tekið þá ákvörðun að fara sjálf af stað í þróunarverkefni innan skólans. Yfirskrift verkefnisins er **N-vítamínið**, í því munum við gera umhverfismennt og náttúrunni hátt undir höfði. Stefnt er að því að gera útiveruna markvissari ásamt því að tengja hana foreldrasamstarfi og áherslum okkar í jóga og lífsleikni. Það er mikill áhugi innan skólans á hæglaeti og hvernig við getum tvinnnað það inn í leikskólaumhverfið. Við teljum að alla þessa þætti sé hægt að vinna saman til að efla börnin í líkamlegu og andlegu hreysti. Ekki síður mun þetta gefa starfsfólki leikskólans tækifæri til þess að þróa sig áfram í starfi.

Aðrir þættir starfsins sem við ætlum að vinna að umbótum á er samskiptarsáttmáli starfsfólks sem gerður var fyrir nokkrum árum og snýr að samskiptum starfsmanna sín á milli. Við viljum endurskoða hann fá inn í hann þætti er snúa að samskiptum starfsfólks við foreldra og börnin. Á næsta skólaári er einnig stefnt að því að endurskoða læsisáætlun skólans. Farið verður í að endurmeta teymisfundina hvað er gert á þeim og fyrirkomulag þeirra. Eins ætlum við að skoða fyrirkomulag foreldraviðtala.

Það er óhætt að segja að næsta skólaár verði spennandi þróunar ár og hlökkum við til að takast á við nýjar áskoranir og tækifæri í starfi.

Í lokin langar mig að minnst á þá fagvitund, grósku og virðingu sem starfsfólk leikskólans ber til starfsins. Þennan hluta starfsins er aðeins hægt að upplifa og sjá þegar maður tekur þátt í starfinu og





fylgist með því sem er að gerast á hverjum degi inni á deildum skólans. Dæmi um þetta er verkefni tengt jafnrétti, sem starfsmaður í Reynisholti bjó til og hlaut verðlaun fyrir frá Kennarasambandi Íslands. Þetta er dæmi um grósku og faglega þróun sem starfsfólk leikskólans er að vinna að.

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Hvað var metið?	Viðburðir leikskólans
Hvernig fór matið fram?	Eftir hvern viðburð sem haldin er í leikskólanum er unnið endurmat um viðburðinn sem er svo stuðst við á næsta ári.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn leikskólans og börnin
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Viðburðirnir heppnuðust vel heilt yfir og ágætis hefð komin á marga viðburði en gera þarf smávægilegar breytingar á tengt sumum þeirra, s.s. tímasetningar og fjöldi þeirra viðburða sem haldnir eru.
Hvað var metið?	Allir viðburðir þar sem haldnir eru í skólanum sem telja má að séu frábrugðnir hefðbundnum dögum. Dæmi um daga er öskudagur, jólaskemmtun, opið hús og Góu og Þorra kaffi.

Hvað var metið?	Teymisfundir
Hvernig fór matið fram?	Allt starfsfólk leikskólans er í teyimum tengdum áhersluþáttum okkar. Hvert teymi metur sitt umráðarsvið að vori og setur sér ný markmið. Hér verða niðurstöður teymanna aðgreindar eftri litum <i>Listgreinateymi, umhverfisteymi, læsisteymi, lífsleikniteymi</i>
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn leikskólans.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Listgreinateymið náði 5 fundum sem var of lítið. Vel gekk að halda utan um og gera öskudagsbúninga í ár komu með árstíðarbundin lög inn á deildar sem sungnar voru í vinastundunum. Listgreinateymið ætlar að gera skýrara skipulag utan um vinastundirnar og taka tónlist





af meiri krafti inn í teymið auk þess sem áherslur náttúrunnar næsta vetur munu án efa lita starf teymisins.

Læstiteymið náði 5 fundum sem var of litið. Markmiðin gengu misvel, lestur og áhugi á bókum var mikill hjá börnum og starfsfólki og almenn málörvun á góðu róli. Erfiðara var að koma Tákni með tali markvisst inn og einnig fóru áskoranir í málörvun ekki skipulega inn á deildar en hugmyndabankinn þar er stór og mikill og starfsfólk duglegt að sækja sér leiki til að nýta í hópastarfi og samverustundum. Fyrir næsta vetur ætlar teymið að ná Tákni með tali sterkar inn og vinna áfram á sömu braut með Lubba.

Lífsleikniteymið náði 6 fundum og fannst nýttast best fundirnir sem voru á starfsdögum. Markmiðin gengur vel og var vinna með tilfinningaskrímilin sýnileg á öllum deildum og komu áskoranir inn á deildar eftir fundina. Ekki náðist að yfirfara kyrrðarstundarkörfur deildarinnar. Á næsta skólaári verður áherslan áfram á núvitund og að kyrrðarstundirnar okkar fari fram á gólfinu. Einnig verður aukin áhersla á vináttu og samskipti og markviss innlögð hjá börnunum og hvað þau geta gert til að leysa vandann og vera sjálfstæðari í samskiptum. Jóga – og snertivika verður einu sinni á hvorri önn þar sem áherslan er á að starfsfólk miðli hugmyndum sín á milli og geri starfið á deildum sýnilegt.

Umhverfisteymið náði 5 fundum og gengu þeir ágætlega. Ræktun og fuglahús stóðu upp úr og voru börnin virk í báðum verkefnum. Aftur verður sótt um Grænfánann í haust en Græn skref RVK borgar virðast vera erfiðari í innleiðingu. Von er á nýjum leiðbeiningum þar og því var málíð sett á bið. Markmið næsta árs er að fara dýpra í útikennsluna í takt við





þróunarverkefni okkar og halda áfram á þeirri frábæru braut sem ræktunin er.

Ytra mat

Hvað var metið?	Stofnun ársins – viðhorfskönnun starfsmanna
Hvernig fór matið fram?	Framkvæmt af Reykjavíkurborg og spurningarlisti sendur á starfsfólk með tölvupósti
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Góð svörun, niðurstöður sýna þróun í jákvæða átt. Erum á pari við aðra leikskóla Reykjavíkur í heildarmati. Allir þættir könnunar hafa hækkað. Einu þættir sem standa í stað eru launakjör og vinnuskilyrði. Vonast er til að hægt verði að bæta hljóðvist á næsta skólaári til þess að mæta kröfum starfsfólks um bætt vinnuskilyrði.

Hvað var metið?	Fagumhverfiskönnun
Hvernig fór matið fram?	Könnun var lögð fyrir allt starfsfólk skóla- og frístundarsviðs m.a. í öllum leikskólum Reykjavíkurborgar
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Starfsmenn meta sig nokkuð vel í stakk búna til þess að sinna ýmsum þáttum starfsins í samanburði við aðra starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar. Tækifæri til umbóta eru tengd þekkingu á Betri Borg fyrir börn og farsældar þjónustunni. Eins komu fram þættir sem nýttir verða í starfinu á næsta ári tengt áhuga starfsfólks á starfsþróun á meðal annars á sviðum stafrænnar tækni og farsældar.





3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Innra mat

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	Læsisáætlun endurskoðuð – innra mat
Umbótaþáttur/matsþáttur	Læsisáætlun – innra mat og uppeldis og menntastarf
Tækifæri til umbóta	Komið er að endurskoðun á læsisáætlun leikskólans
Aðgerðir til umbóta	Taka skal núverandi læsisáætlun og uppfæra í samræmi við nýjar áherslur í læsismálum.
Ábyrgð	Læsisteymið ásamt aðstoðarleikskólastjóra
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október til áramóta
Hvenær og hvernig á að meta?	Matið fer fram í samræðum í læsissteyminu
Viðmið um árangur	Að ný læsisáætlun líti dagsins ljós fyrir áramót sem nýtist deildunum.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	Samskiptasáttmáli – mannauður/leikskólabragur
Umbótaþáttur/matsþáttur	Samskiptasáttmáli
Tækifæri til umbóta	Endurskoða þarf samskiptasáttmálann og víkka hann út svo hann nái til foreldra og barna líka.
Aðgerðir til umbóta	Skipt í hópa á skipulagsdegi þar sem starfsfólk rýnir í sáttmálann og endurmetur hvort eitthvað vanti og á hvaða hátt við getum víkkað út til samskipta við foreldra og börn.
Ábyrgð	Stjórnendur leikskólans
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Að hausti og til áramóta
Hvenær og hvernig á að meta?	Á starfsmannafundi að hausti og í stjórnendateymi síðar um haust.
Viðmið um árangur	Að samskiptasáttmállinn sé uppfærður með þeim breytingum sem nauðsynlegar eru til að þær eigi einnig við samskipti við foreldra og börn.





Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-innra mat	N – vítamínið; Þróunarverkefni um útinám - uppeldis og menntastarf
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis – og menntastarf: Umhverfismennt
Tækifæri til umbóta	Að efla útinám leikskólans og víkka hugmyndabankann. Að börnin öðlist ábyrgðartilfinningu fyrir náttúrunni og njóti þess að vera hluti af henni. Að virkja foreldra í útinámi
Aðgerðir til umbóta	Hver deild setur sér markmið um útinám. Hver deild fóstrar svæði í nágrenninu. Starfsmenn deila hugmyndum af útinámi og stjórnendur gera aðstæður þar sem auðvelt er að grípa í. Að senda heim í bókatösku verkefni um útinám og hvetja foreldra til að segja frá og setja myndir á padlet vegg. Laumað verður í bakpoka efnivið til útináms.
Ábyrgð	Allt starfsfólk leikskólans
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október – apríl
Hvenær og hvernig á að meta?	Tíðni gönguferða Magn hugmyndabanka í apríl Hópamat á líðan barna og viðhorfi barna í útinámi: í sept og aftur í apríl Fundargerðir og umræður starfsfólks á deilar -og starfsmannafundum.
Viðmið um árangur	Að börn og starfsfólk njóti útiveru og gönguferða Að gönguferðir náist amk 10 skipti yfir skólaárið Að hugmyndabankinn stækki og sé notaður Að foreldrar sýni áhuga og virkni þegar verkefni fara heim.





Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Teymisfundir
Tækifæri til umbóta	Að endurmeta teymisfundina – innihald og fyrirkomulag
Aðgerðir til umbóta	Að meta hvort teymisfundirnir séu að skila því sem þeir eiga að skila, skapa sameiginlega sýn og endurmeta utanumhald (tíðni funda og úrvinnsla).
Ábyrgð	Allt starfsfólk leikskólans
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Endurmatið fer fram nú í maí 2026 en nýtt fyrirkomulag tekur gildi haustið 2026.
Hvenær og hvernig á að meta?	Á skipulagsdegi í maí 2026
Viðmið um árangur	Að teymisfundir séu skipulagðir á þann hátt að þeir falli ekki auðveldlega niður. Að fundargerðir komist fljótt til skila. Að allir viti hver tilgangur teyma er og þau skili því sem þau eiga að skila.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Foreldraviðtöl
Tækifæri til umbóta	Að endurskoða foreldraviðtala blaðið og samvinnu við foreldra fyrir viðtölin.
Aðgerðir til umbóta	Endurskoða foreldraviðtalsblöðin og sjá hvort þau séu að ná nógu vel utan um. Samræður meðal deildarstjóra og annars fagfólks sem tekur foreldraviðtölin Spurningarkönnun til foreldra
Ábyrgð	Stjórnendur leikskólans og leikskólakennarar





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Metið á vorönn – tilbúið til notkunar haustið 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarstjórafundum og fagfundum yfir veturinn
Viðmið um árangur	Að foreldraviðtalsblöðin séu þægileg að vinna með og að foreldrar fái aukna rödd í viðtölunum og undirbúningi þeirra.





4. Starfsþróunarsamtöl

Leikskólastjóri tók starfsþróunarviðtöl við alla starfsmenn í maí-júní. Auk þess sem að deildarstjórar tóku styttri samtöl við starfsmenn deilda yfir veturinn.

5. Fræðsla almennt út frá umbótáttum leikskólans

Megin áherslu þættir leikskólans eru læsi, lífsleikni og umhverfismennt. Reynt var að tengja hluta af þeirri fræðslu sem starfsfólk fékk á skipulagsdögum skólans á skólaárinu við þær áherslur.

- Starfsfólk tók allt þátt í námskeiði „leikskólinn og ADHD“ þar lærði starfsfólk meðal annars um hvernig hægt er að skapa gott umhverfi og leiðir til þess að vinna með börnum sem sýna einkenni ADHD.
- Talmeinafræðingar frá Austurmiðstöð komu með fræðslu tengda gæða málörvun og hvernig starfsfólk leikskólans getur unnið með lestur og almenna málörvun í daglegu starfi.
- 6. Febrúar tóku allir starfsmenn þátt í hátíðlegri dagskrá í Háskólabíó á degi leikskólans. Mörg góð erindi tengt fjölmenningu í leikskólum, tónlist og töfrum leikskólastarfsins.
- Heimsóknir í tvo leikskóla, Norðurberg í Hafnarfirði sem þekkt er fyrir starf sitt tengt umhverfismennt og Klettaborg til að kynna sér starf þeirra tengt tónlist og málörvun.
- Haldið var skyndihjálparnámskeið.
- Tveir starfsmenn stunduðu nám í leikskólakennarafræðum við HÍ og HA.
- Trúnaðarmenn Eflingar, Sameykis og KÍ sóttu fræðsludaga tengt sínum stéttarfélögum.
- Starfsmenn einnar deildar fengu fræðslu frá brúarsmið.
- Tvær deildir fengu stuðning/fræðslu frá hegðunarráðgjafa.
- Tveir starfsmenn héldu fræðslu fyrir annað starfsfólk tengt skráningum.
- Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri tóku báðir þátt í lærdómssamfélagi.
- Nokkrir starfsmenn tóku þátt í fræðslu á vegum Miðju máls og læsis.
- Tengiliður fjölmenningar sótti fundi tengt því hlutverki.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Í vetur fóru elstu börnin í mánaðarlegar heimsóknir í Sæmundarskóla þar sem meðal annars var kynnt fyrir þeim listgreinar, íþróttahúsið og frístundarheimilið Fjósið. Það samstarf heldur áfram næsta vetur, dagsetningar og upplýsingar um hvað verður gert hverju sinni kem við upphaf næsta skólaárs.

Samstarf tengt Sæmundarskóla mun halda áfram á næsta skólaári, hefð er fyrir því að 1. bekkur komi í heimsókn að hausti og 7. bekkur komi og lesi fyrir börnin í tilefni dags íslenskrar tungu í nóvember. Leikskólinn var í samvinnu við Fram með fótboltaæfingu einu sinni í viku og verður aftur boðið upp á það á næsta ári. Leikskólar hverfisins verða áfram í samvinnu með bókun á sýningu frá Brúðubílnum í sumar.





7. Foreldrasamstarf

Í leikskólanum er starfandi foreldrafélag og foreldraráð. Kosið var í hvoru tveggja á foreldrafundi 24. september 2025. Tveir foreldrar héldu áfram í foreldrafélaginu en þrír komu inn í staðinn. Eitt foreldri bauð sig sérstaklega fram í foreldraráð. Foreldrafélag og foreldraráð samanstendur því af 6 foreldrum. Haldnir hafa verið 2 staðfundir hjá foreldrafélaginu jafnframt hefur samskiptasíða á netinu verið notuð við skipulagningu á viðburðum. Fulltrúi foreldraráðs hefur sótti fund tengdan Reykjavíkurleiðinni og las yfir starfsáætlun leikskólans.

Foreldraviðtöl voru haldin tvisvar á skólaárinu, einu sinni á vorönn í október og einu sinni á haustönn í apríl og verður sami háttur hafður á næsta skólaár.

Viðburðum þar sem foreldrar taka þátt hafa verið nokkrir á skólaárinu og verður svipaður á næsta skólaári. Má þar nefna Þorra- og Góu kaffi og opið hús. Foreldrafélagið skipulagði einnig jólaföndur og sveitaferð sem var bæði vel sótt.

Vilja skólastjórnendur koma þakklæti áleiðis til foreldrafélags og foreldraráðs fyrir þeirra framlag til þess að halda skemmtilega viðburði fyrir börn leikskólans og foreldra þeirra.

8. Skipulagsdagur og leikskóladagatal

Skóladagatal Reynisholts 2026-2027

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31	1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29
30	31	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29	30	31	1	2	3
4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31	1	2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31	1
2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30
31	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30	31	1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28
29	30	31	1	2	3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28	29	30	31	1	2
3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31	1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31	1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29
30	31	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29	30	31	1	2	3
4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31	1	2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31	1
2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30
31	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30	31	1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28
29	30	31	1	2	3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28	29	30	31	1	2
3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31	1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31	1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29
30	31	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29	30	31	1	2	3
4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31	1	2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31	1
2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30
31	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30	31	1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28
29	30	31	1	2	3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28	29	30	31	1	2
3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31	1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31	1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29
30	31	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29	30	31	1	2	3
4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31	1	2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31	1
2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30
31	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30	31	1	2	3	4
5	6	7	8	9							



9. Fylgiskjöl:

9.1 Innra mat Bjartalundar 2025-2026

Styrkleikar

Styrkleikar okkar á Bjartalundi vetursins sem er að líða er jóga stundir voru á sínum stað alla fimmtudaga og allir hópar í hvert skipti.

Könnunarleikurinn var á sínum stað alla þriðjudaga alltaf einn hópur tekin í hvert skipti.

Skipulag deildarinnar gekk því vel og að halda því á áætlun.

Lubbi finnur málbein er stór þáttur í leikskólastarfinu, gerðar voru myndir fyrir hvert máhljóð. Ásamt því senda Lubba tösku heim með bókum og máhljóði barnsins og því máhljóði sem var verið að vinna með í það skiptið. Mikið var lesið að frumkvæði starfsfólks en börnin sóttu mjög í lesturinn sjálf og var mikið lesið í frjálsa leiknum líka.

Gerðar hafa verið skráningar með allskyns tækifærum með börnunum í margskonar verkefnum.

Sjálfs hjálpar barnanna gekk vel og þá sérstaklega klósettþjálfun.

Börnin sýna mikla samkennd þegar einhver meiðir sig, þau sýna það þannig með því að setja sól á bakið og gefa knús.

Tækifæri

Halda áfram með sjálfsefningu og ganga skrefinu lengra í samræmi við aldur og þroska barnanna sem verða eldri á næsta ári. Lögð verður áhersla á sjálfs hjálpar við matartímana sérstaklega og einnig að börnin geti náð sér í efnivið sjálf. Einnig skal efla tónlistarnám á deildinni og taka fyrir skólasönginn.

9.2 Umbótaáætlun Bjartalundar 2026-2027

Deild/aldur barna	Bjartilundur 1 -3 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis- og menntastarf: sjálfs hjálpar
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að halda áfram með sjálfs hjálpar og taka sérstaklega fyrir matartímana og aðgang að efnivið.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hvetja börnin til að prófa sjálf, útvega hnífa til að skera og smyrja, ganga frá eftir síðdegishressingu og ef vel gengur eftir hádegismat líka.





	Merkja vel hvaða efniviður er geymdur inn í skáp og setja myndir á hurðina svo börnin geti óskað eftir efniviðinum. Þetta á aðallega við um efnivið við fínhyringar og annað smátt. Annar efniviður verður í þeirra hæð og aðgengilegur.
Ábyrgð	Deildastjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október út skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta?	Starfsfólk deildar rýnir í á deildarfundi 1x í mánuði og metur hvernig börnunum gengur að óska eftir og hversu mikilli notkun efniviðurinn er. Starfsfólk metur einnig hversu vel gengur sjálfshjálpin, hvort þörf sé á að breyta markmiðum.
Viðmið um árangur	Að börnin geti óskað eftir efnivið út frá myndum. Að börnin geti sjálf gengi í annan efnivið án þess að fá aðstoð kennara. Að börnin efli færni sína við matarborð og geti beitt hníf og gengið frá klakklaust.

Deild/aldur barna	Bjartilundur 1 -3 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur	Sköpun / uppeldis og menntastarf Tónlistarsköpun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að efla tónlist á deildinni og þá sérstaklega að læra skólasönginn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa skólasönginn myndrænan upp á vegg. Syngja hann í samverustundum yfir allan veturinn Rýna í textann í sameiningu við börnin.
Ábyrgð	Deildastjóri ásamt öðru starfsfólki deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október út skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Starfsfólk ræðir á deildarfundi hvernig gengur og deilir hugmyndum um tónlistarsköpun sín á milli.





Viðmið um árangur

Að börnin sýni áhuga á tónlist í samveru og frjálsum leik.
Að börnin kunni skólasönginn og geti sungið hann.

9.3 Innra mat Geislalundar 2025-2026 Styrkleikar

Málörvun, hljóðkerfisvitund: Unnið með málörvun, lesið og sungið er alla daga og námsefni Lubba er nýtt þannig að börnin kunna stafatákn, t.d. fyrir sín nöfn og Lubbalögin sem fylgja. Lubbi fór heim með bækur til barnanna einu sinni á hvorri önn.

Lýðræði og valdefling: Börnin hafa verið styrkt til sjálfshjálpar, t.d. klæða sig sjálf og vera með hníf og gaffal við matarborð. Leikefni að mestu í þeirra hæð sem þau geta sjálf sótt og starfsfólk kemur til móts við óskir þeirra varðandi leikefni eins og hægt er, t.d. með efnisleit á öðrum deildum. Mikil áhersla er á sjálfsprottin leik, og börnin hvött til að gera sjálf, finna sér verkefni sjálf eða útbúa sér leikumhverfi eins og þau óska, t.d. í hlutverkaleik, oft með aðstoð kennara.

Tækifæri

Málörvun: Vinna með lestur í minni hópum, sem og leggja inn sögugrunn. Gera fleiri sjónræna söngtexta og setja TMT tákn með.

Lýðræði og valdefling: Mögulegt væri að gera leikefni/efnivið sýnilegri t.d. með ljósmyndum af því sem til er.

9.4 Umbótaáætlun Geislalundar 2025-2026

Deild/aldur barna	Geislalundur 2ja til 3ja ára
Umbótaþáttur/matsþáttur	Málörvun - málvitund og málskilning
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Vinna að málvitund og málskilning barnanna með því að nota TMT





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk kynni sér og læri TMT, TMT sé sýnilegt og notað í samverustundum, við matarborð.
Ábyrgð	Starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 til maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Deildafundum yfir veturinn.
Viðmið um árangur	Að starfsfólk og börn kunni TMT tákn og séu að nýta sér þau. Táknin séu sýnilega á deildinni.

Deild/aldur barna	Geislalundur 2ja til 3ja ára
Umbótapáttur/matspáttur	Útinám- að auka útiveru og útinám
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Fara í gönguferð 1x viku
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skipta börnum í 2 hópa sem eiga hvorn sinn dag til gönguferða.
Ábyrgð	Starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 til maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Deildafundum yfir veturinn.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Allir fari í útinám einu sinni í viku , í lengri eða styttri ferðir í nánasta umhverfi.





9.5 Innra mat Sunnulundar 2025-2026

Styrkleikar

Samþætting náms gekk mjög vel í ár. Við settum okkur markmið um sköpun og læsi í víðum skilningi var rauði þráðurinn í gegnum starf okkar í vetur. Við erum mjög stolt af því hvernig til tókst.

Náttúra, vísindi, læsi, tónlist og sköpun fléttuðust saman í öllum helstu verkefnum ársins. Í haustverkefninu var lagið „Ég er furðuverk“ notað til að kynna líkamsvitund og efla orðaforða. Í jólagjafaverkefninu var unnið með köngulóarljóð, þar sem nemendur bjuggu saman til bók. Í vorverkefninu var lagið „Heimskautarefurinn minn“ notað til að fjalla um dýralíf og náttúru.

Tækifæri

Teymið telur að markmiði okkar um tilfinningalæsi hafi ekki verið náð jafn vel og við höfðum vonast til. Markmiðið var að veita einstaklingsbundna leiðsögn í leik og nýta daglegar aðstæður til að vinna með og efla tilfinningalæsi. Við gerðum okkur grein fyrir að þörf væri á að bæta við markvissara kennsluefni og skilgreina fasta tíma yfir daginn þar sem unnið væri með skipulögð verkefni. Einstaklingsbundin aðstoð var oft stutt og jafndreifð meðal nemenda, sem hafði áhrif á dýpt og árangur í vinnu með þetta markmið.

9.6 Umbótaáætlun Sunnulundur 2026-2027

Deild/aldur barna	Sunnulundur 4 -5 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis- og menntunarstarf - tilfinningalæsi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að vinna markvissara með tilfinningalæsi í kyrrðarstundum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Leikir og verkefni sem tengjast tilfinningalæsi verða valin til að vera í kyrrðarstundarkörfunum.
Ábyrgð	Allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026-2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Samræður starfsmanna á deildarfundum
Viðmið um árangur	Að leikir tengdir tilfinningum séu nýttir í kyrrðarstundum.





Deild/aldur barna	Sunnulundur 4 -5 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis- og menntunarstarf – Gönguferðir; núvitund og meðvitund.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Gönguferðir; núvitund og meðvitund. Að skapa rými fyrir nemendur til að vera í náttúrunni og upplifa útiveru með forvitni og núvitund að leiðarljósi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Einn dagur í viku verður gönguferðadagur. Hóparnir tveir skiptast á. Hvert barn fær því tvær gönguferðir á mánuði
Ábyrgð	Deildarstjóri bera ábyrgð á að skipuleggja tímasetningu gönguferðanna Starfsfólk deildarinnar ber ábyrgð á að njóta útiverunnar með börnunum, fylgja þeirra áhuga og vera góðar fyrirmyndir.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Við byrjum eftir aðlögun, tökum okkur pásu um jólin og byrjum aftur þegar veður leyfir. Vinnum til lok apríl 2027.
Hvenær og hvernig á að meta?	Skrá hversu margar gönguferðir voru farnar á árinu. Umræður við starfsfólk og börn um ferðirnar og hvað kemur upp á í ferðunum.
Viðmið um árangur	Ef göngurnar eru fleiri en 10 samtals verður markmiðinu náð.

9.7 Innra mat Stjörnulundur 2026-2027

Styrkleikar





Valdefling barna/sjálfstæði: Markmiðið var að efla sjálfstæði barna við matarborðið þar sem þau fengu tækifæri að skammta sér á diskinn, hella í glösin sín og smyrja brauðsneiðarnar sínar. Einnig var prófað að hafa flæði í kaffítímanum þar sem börnin gátu valið hvenær þau vildu fá sér hressingu á milli þess að vera í frjálsum leik.

Meiri áhersla hefur verið á sjónrænt skipulag, dagskipulag og matseðill í myndum ásamt myndrænu skipulag í fataklefa sem hefur reynst börnunum vel að skipuleggja athafnir sínar. Það skipti máli að allt skipulag í þeirra hæð og sýnilegt börnunum.

Mikill áhugi hefur verið í hópnum að fá að koma fram og syngja fyrir hvert annað. Börnin skráðu sig og ákváðu hvað þau vildu sýna hvort öðru. Þetta var liður í því að styrkja sjálfstæði og sjálfsmynd barnanna. Börnin voru með tónleika, sýndu dansa og leikrit.

Frjáls leikur: Markmiðið var að efla leik og vinnáttu barnanna. Börnin tóku þátt í umræðum um vináttuna, samvinnuleikir og lestur bóka.

Börnin höfðu greiðan aðgang að opnum efnivið sem þau nýttu sér og jók fjölbreytni í frjálsa leiknum. Börnin höfðu tækifæri til að skapa og hanna í listahorninu og varð oft tekið með í leik.

Hópurinn var fjölbreyttur og með ólíkar þarfir og það er mat okkar að það tókst vel að mæta einstaklingunum þar sem þeir voru.

Læsi: Unnið með lestur bóka, orðaskilning og umhverfislæsi. Myndræntskipulag gefur börnunum tækifæri og valdefla þau í að lesa í umhverfið sitt. Og öryggi að vita hvað gerist næst. Einnig höfum við myndskreytt söngtexta og hengt upp á vegg í þeirra hæð.

Tækifæri

Teymið telur að markmiði okkar um tilfinningalæsi hafi ekki verið náð jafn vel og við höfðum vonast til. Markmiðið var að veita einstaklingsbundna leiðsögn í leik og nýta daglegar aðstæður til að vinna með og efla tilfinningalæsi. Við gerðum okkur grein fyrir að þörf væri á að bæta við markvissara kennsluefni og skilgreina fasta tíma yfir daginn þar sem unnið væri með skipulögð verkefni. Einstaklingsbundin aðstoð var oft stutt og jafndreifð meðal nemenda, sem hafði áhrif á dýpt og árangur í vinnu með þetta markmið.





9.8 Umbótaáætlun Stjörnulundur 2026-2027

Deild/aldur barna	Stjörnulundur 5-6 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis – og menntastarf: Útinám - umhverfismennt
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Vinna umhverfislæsi og líðan í útiveru.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Unnið að dýpka sig í umhverfismenn, útinámi og líðan í útiveru.
Ábyrgð	Starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026- maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Deildafundum, umræða milli starfsfólks og barna. Fjölbreytt verkefni sem auka áhuga barnanna.
Viðmið um árangur	Efla umhverfismennt námskeið hjá starfsfólki. Matsblað fyrir börnin að meta eigin líðan og áhuga í útiveru. Gönguferðir, hvað verkur áhuga barnanna fanga hugmyndir barnanna.

Deild/aldur barna	Stjörnulundur 5 -6 ára
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis – og menntastarf: Læsi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Vinna að markvissara að læsi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nýta kyrrðarstundir markvissar í að vinna með lestur, ljóð og söng sem hluta af málörvun.
Ábyrgð	Starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026- maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta?	Deildafundum, umræða milli starfsfólks
Viðmið um árangur	Að málproski barna aukist, þau hafi aukið úthald og einbeitingu í stundunum og geti nýtt orðaforðann sinn á fjölbreyttan hátt.

F. h. leikskólans

Elín Júlíana Sveinsdóttir

Leikskólastjóri

2.6.2026

Dagsetning





9.9 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027 Reynisholt

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ásdís Stella Löve Þorkelsdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Áherslur starfsáætlunar samræmast í meginatriðum því starfi sem unnið var á síðasta ári. Hjá leikskólastjóra kemur fram að lögð hafi verið áhersla á lífsleikni, læsi og umhverfismennt, þær áherslur endurspeglast skýrt í áætlun fyrir komandi ár. Einnig má sjá áframhaldandi þróun á umbótaþáttum svo sem aukinni þátttöku barna, útinámi og markvissri vinnu með læsi. Nýtt þróunarverkefni, *N-vítamínið*, byggir ofan á fyrri áherslur um útiveru og umhverfismennt og sýnir skýra stefnumótun til áframhaldandi þróunar starfsins.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlunin er vel uppbyggð og skipt í skýra kafla sem auðveldar foreldrum og áhugasömum að átta sig á innihaldi áætlunar. Á köflum er textinn mjög ítarlegur og faglegur sem getur gert hann þyngrri fyrir foreldra að lesa. Með styttri samantektum eða einfaldari framsetningu á lykiltríðum mætti bæta aðgengi enn frekar.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Starfsáætlunin veitir góða innsýn í starf leikskólans. Foreldrar ættu að geta fengið skýra mynd af því hvernig unnið er með börnunum, hvaða faglegu áherslur eru innan leikskólans og hvernig stefnt er að umbótum.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Starfsáætlunin er í heild sinni fagleg, metnaðarfull og endurspeglar skýra stefnumótun. Til að bæta hana enn frekar væri hægt að setja fram stuttar samantektir eða lykilpunkta í upphafi hvers kafla, einfalda orðalag sumstaðar svo áætlunin sé aðgengilegri fyrir alla foreldra og að auka enn frekar þátt foreldra í ákveðnum umbótaþáttum, sérstaklega í tengslum við útinám.

Fulltrúar í foreldraráði:

Ásdís Stella Löve Þorkelsdóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Ásdís Stella Löve Þorkelsdóttir





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



